

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Deiliskipulag Eyjardalsvirkjunar í Bárðardal.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 4. júní 2019 tillögu að deiliskipulagi Eyjardalsvirkjunar, þar sem fyrirhugað er að reisa 700 kW virkjun. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir stíflu og stöðvarhúsi, leið aðfallspípu og vegslóða. Innan svæðisins er háspennulína, Kröflulína 1, auk þess sem gert er ráð fyrir Hólasandslínu 3.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Laugum, Þingeyjarsveit, 12. mars 2020.

Guðjón Vésteinsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 13. mars 2020